

## GJALDSKRÁ

### fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

#### 1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, efnalögum nr. 61/2013, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og lögum nr. 93/1995 um matvæli. Einnig er heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari vegna þjónustu sem er í verkahring heilbrigðiseftirlits að veita skv. ofangreindum lögum.

#### 2. gr.

Tímagjald fyrir þjónustu er	kr. 13.600
Gjald fyrir rannsókn á einu sýni skv. eftirlitsáætlun er	kr. 17.500
Gjald vegna heildarefnagreiningar neysluvatns er	kr. 490.000

Aðildarsveitarfélögin sjá um innheimtu eftirlitsgjalda vegna reglubundins eftirlits skv. viðauka með gjaldskrá þessari. Þar kemur jafnframt fram áætluð tíðni eftirlits.

Unnt er að sækja um lækkun gjalda ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu, hefur rekið vottað gæðakerfi eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um. Ef heilbrigðisnefnd fellst á slíka lækkun er henni heimilt að draga úr eftirliti frá sama tíma.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram er heimilt að lækka eftirlitsgjald sem því nemur.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi á einum og sama stað er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald. Þá er áætlaður tími fyrir hvorn fyrirtækjaflokk lagður saman en einungis eitt akstursgjald tekið enda sé eftirlitsferð samnýtt.

#### 3. gr.

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis sér um gjaldtöku vegna útgáfu leyfa og vottorða og vegna eftirlits umfram áætlun sem og þjónustuverkefna sem til falla.

Fyrir nýtt starfsleyfi eða eftir atvikum skráningu greiðast kr. 35.000 auk auglýsingakostnaðar og eftirlitsgjalds ef við á, heilbrigðisnefnd er jafnframt heimilt að innheimta reiknað tímagjald vegna vinnu við gerð sértækra starfsleyfisgilyrða vegna starfsemi sem fellur undir reglugerð nr. 785/1999.

Fyrir endurnýjun starfsleyfis greiðast kr. 28.000 auk auglýsingakostnaðar og eftirlitsgjalds ef við á.

Fyrir auglýsingu starfsleyfis á vef heilbrigðiseftirlits greiðast kr. 13.600.

Fyrir önnur leyfi s.s. tóbaksleyfisgjöld greiðast kr. 35.000.

Fyrir vottorð og umsagnir skv. fyrirliggjandi gögnum greiðast kr. 25.000.

Fyrir húsnæðisskoðun greiðast kr. 35.000 en Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis er þó heimilt að lækka eða fella það niður. Fyrir ítarlega húsnæðisskoðunarskýrslu er greitt skv. tímagjaldi.

Fyrir markaðs- og götusölu greiðast kr. 23.000 en Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis er þó heimilt að lækka eða fella það niður.

Sé raunkostnaður við rannsókn skv. reikningi frá rannsóknarstofu hærri en sem nemur gjaldi heilbrigðiseftirlits fyrir rannsókn skal innheimta raunkostnað að viðbættu 35% umsýslugjaldi og akstursgjaldi skv. útreikningi fjármálaráðuneytis ef ekki er unnt að samnýta ferðina.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að fjölga tímabundið eftirlitsferðum umfram það sem fram kemur í eftirlitsáætlun ef nauðsyn krefur t.d. þegar nýr búnaður hefur verið tekinn í notkun eða vegna kvartana. Nefndin innheimtir þá gjald eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

Starfsemi sem er eftirlitsskyld en er ekki á lista í viðauka greiðir eftirlitsgjald eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

Verk sem unnin eru skv. ákvæðum samþykktá settum samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir eru gjaldfærð eins og um þjónustuverkefni sé að ræða nema um annað hafi verið samið. Fyrir þjónustuverkefni er rukkað tímagjald.

Vegna beitingar þvingunarúrræða skv. VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og XI. kafla laga nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum skal heilbrigðisnefnd innheimta fyrir kostnaði eins og um aukin eftirlitsverkefni sé að ræða.

4. gr.

Heimilt er að fella starfsleyfi fyrir starfsemi úr gildi ef eftirlitsgjöld skv. 2. gr. eru ekki greidd að undangengnum tilhlýðilegum fresti. Séu gjöld skv. 3. gr. ekki greidd fellur starfsleyfið sjálfkrafa úr gildi. Sama á við ef starfsemi hefur ekki hafist einu ári frá útgáfu leyfis og ef starfsemi hefur legið niðri í tvö ár samfellt.

5. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. og 3. gr. er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga, auk áfallins innheimtukostnaðar.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum með heimild í 12 gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum, 21. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum og 8. gr. laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Gjaldskrá þessi öðlast gildi við birtingu og frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1080/2017 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

*Mosfellsbæ, 28. mars 2019.*

F.h. heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis,

**Þorsteinn Narfason** framkvæmdastjóri.

## VIÐAUKI

Ísat-númer	Heiti atvinnustarfsemi	Tíðni	Gjald kr.
90.00.0.6	Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru	0,25	11.050
90.00.0.3	Aðrar skólphreinsistöðvar	1	48.100
01.24.0.1	Alifuglarækt < 40.000 stæði	0,5	49.800
15.12.0.0	Alifuglasláturhús	2	156.400
52.31.0.0	Apótek	0,5	32.300
52.25.0.0	Áfengisverslun	0,5	28.900
90.00.0.9	Áhaldahús sveitarfélags	0,5	37.650
15.81.0.2	Bakarí, lítið	1	73.350
15.81.0.3	Bakarí, miðlungs	1	95.700
15.81.0.4	Bakarí, stórt	2	177.800
50.50.0.1	Bensínstöðvar, mannaðar	1	116.100
50.50.0.0	Bensínstöðvar, sjálfvirkar	1	82.100
50.20.0.1	Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið	0,5	26.475
50.20.0.2	Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt	0,5	41.050
50.20.0.4	Bifreiðaréttingar	0,5	18.700
50.20.0.3	Bifreiðasprautun	0,5	25.500
50.30.0.2	Bílapartasölur	1	51.000
15.96.0.0	Bjórgerð, lítill	1	57.800
28.52.0.1	Blikksmíði	0,33	14.586
50.20.0.6	Bón- og bílaþvottur, handvirk	0,33	14.586
50.20.0.5	Bón- og bílaþvottur, sjálfvirk	0,5	41.050
37.20.0.2	Brennur	1	37.400
85.32.1.1	Dagmómmur með > 6 börn	0,25	14.450
92.34.0.1	Dansskólar	0,25	11.050
85.11.4.1	Dvalar- og hjúkrunarheimili	0,5	25.500
85.20.0.2	Dýralæknastofa	0,5	22.100
85.20.0.3	Dýraspítalar	0,5	28.900
01.24.0.2	Eggjabú	0,5	46.400
85.11.3.0	Endurhæfing	0,5	45.900
85.32.4.0	Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi	0,25	11.050
52.23.0.1	Fiskbúð	1	75.300
63.23.0.1	Flugvöllur, lítill	0,33	30.294
85.14.9.1	Fótaaðgerðarstofur	0,5	22.100
80.21.0.1	Framhaldsskóli	0,5	45.900
26.61.0.0	Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	0,5	22.100
10.31.0.0	Framleiðsla á kartöflufloögum, lítill	1	57.800
25.22.0.0	Framleiðsla á umbúðaplásti	1	57.800
15.85.0.1	Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli	1	37.400
15.91.0.0	Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja, lítill	1	57.800
24.20.0.1	Garðaúðun	0,5	22.100
90.00.0.4	Gámastöð	0,5	27.200

Ísat-númer	Heiti atvinnustarfsemi	Tíðni	Gjald kr.
50.30.0.1	Geymslusvæði	0,5	32.300
55.12.0.1	Gististaður, lítill	0,25	11.050
55.12.0.2	Gististaður, miðlungs	0,5	25.500
55.12.0.3	Gististaður, stór	1	64.600
80.10.0.1	Grunnskólar	0,5	45.900
85.32.2.3	Gæsluvellir og opin leiksvæði	0,5	22.100
93.02.0.1	Hárgreiðslustofur og snyrtistofur	0,5	22.100
51.31.0.1	Heildverslun, lítill	0,5	18.700
51.31.0.2	Heildverslun, miðlungs	0,5	39.100
51.31.0.3	Heildverslun, stór	1	177.300
85.12.1.1	Heilsugæslustöðvar	0,5	25.500
85.31.4.0	Heimili fyrir fatlaða, lítið	0,25	14.450
85.31.4.3	Heimili fyrir fatlaða, stórt	0,5	42.500
40.10.0.2	Hitaveita úr lágbita	0,33	23.562
01.42.0.1	Hundahótel	0,25	9.350
85.14.9.4	Húðflúrstofur	1	44.200
85.14.9.5	Húðgötun	0,5	22.100
92.61.0.4	Íþróttahús, lítill	0,5	22.100
92.61.0.5	Íþróttahús, miðlungs	0,5	28.900
92.61.0.6	Íþróttahús, stór	1	71.400
92.61.0.8	Íþróttavellir	0,25	9.350
37.20.0.4	Jarðboranir	1	37.400
85.14.9.3	Jógastofur, heilun o.fl.	0,25	11.050
55.40.0.0	Kaffihús eða krá, lítill	0,5	30.850
55.40.0.1	Kaffihús eða krá, miðlungs	1	61.700
55.40.0.2	Kaffihús eða krá, stór	1	97.650
92.62.2.0	Kappaksturs- og æfingabraut	1	51.000
91.31.1.1	Kirkjur	0,25	9.350
85.14.9.2	Kírópraktor	0,25	11.050
15.13.0.4	Kjöttvinnsla með reykingu, lítill	1	82.100
15.13.0.1	Kjöttvinnsla, lítill	1	68.500
92.13.0.1	Kvikmyndahús	0,5	28.900
92.31.0.1	Leikhús	0,5	18.700
85.32.2.1	Leikskólar	0,5	45.900
17.30.0.1	Litun og bleiking < 10 tonn á dag	1	95.700
93.04.0.1	Líkamsræktarstöðvar, litlar	0,5	22.100
93.04.0.3	Líkamsræktarstöðvar, stórar	1	57.800
01.25.2.0	Loðdýrabú	0,5	49.800
85.12.2.1	Læknastofur án aðgerðarýmis	0,25	7.650
14.21.0.0	Malar- og sandnám; vikurnám	0,33	21.318
52.62.0.1	Markaður, lítill	0,5	22.100
52.62.0.2	Markaður, miðlungs	1	57.800
52.62.0.3	Markaður, stór	2	129.200

Ísat-númer	Heiti atvinnustarfsemi	Tíðni	Gjald kr.
55.30.1.1	Matsölustaðir, litlir	1	61.700
55.30.1.2	Matsölustaðir, miðlungs	1	82.100
55.30.1.3	Matsölustaðir, stórir	1	120.000
55.30.1.7	Matsöluvagn, lítill	0,5	30.850
55.30.1.8	Matsöluvagn, stór	1	61.700
52.11.2.4	Matvöruverslun, lítill	1	44.200
52.11.2.5	Matvöruverslun, miðlungs	1	57.800
52.11.2.6	Matvöruverslun, stór	1	95.700
35.11.0.1	Málmsmiðja	0,5	28.900
20.20.0.2	Meindýravarnir	0,33	16.830
51.57.0.3	Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	1	91.800
51.57.0.2	Móttaka brotamálms	1	105.400
55.51.0.1	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið	1	44.200
55.51.0.2	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs	1	64.600
55.51.0.3	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt	1	95.700
55.51.0.4	Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið	0,5	22.100
55.51.0.5	Mötuneyti með móttökueldhúsi, miðlungs	1	44.200
55.51.0.6	Mötuneyti með móttökueldhúsi, stórt	1	75.300
45.11.0.1	Niðurrif húsa undir 250 m <sup>2</sup>	1	34.000
45.11.0.2	Niðurrif húsa yfir 250 m <sup>2</sup>	1	51.000
93.04.0.9	Nuddstofur	0,25	11.050
25.21.0.1	Plastiðnaður	1	71.400
22.22.9.2	Prentiðnaður	0,33	21.318
92.62.0.1	Reiðhöll	0,25	9.350
92.72.0.1	Reiðskólar og hestaleigur	0,5	22.100
50.20.0.8	Ryðvarnarverkstæði	1	44.200
01.12.1.0	Ræktun grænmetis og garðplöntuframleiðsla	0,5	39.600
55.52.0.1	Sala á tilbúnum mat, lítill	1	52.950
55.52.0.2	Sala á tilbúnum mat, miðlungs	1	82.100
55.52.0.3	Sala á tilbúnum mat, stór	2	164.200
52.11.3.3	Sala á tóbaki	0,5	22.100
15.33.0.2	Salatgerð	1	99.600
55.40.0.3	Samkomusalur, lítill	0,25	11.050
55.40.0.4	Samkomusalur, miðlungs	0,5	28.900
55.40.0.5	Samkomusalur, stór	1	57.800
58.51.3.9	Sandblástur	0,33	12.342
85.14.1.1	Sjúkraþjálfun	0,5	22.100
55.30.2.1	Skemmtistaðir	1	57.800
85.32.3.2	Skóladagheimili	0,5	28.900
90.00.0.2	Skólphreinsistöðvar og/eða fráveita 2.000-10.000 pe og afrennsli til strandsjávar	1	657.600
26.12.0.0	Skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri	0,33	13.464
50.20.0.7	Smurstöðvar	1	52.950
93.02.0.2	Snyrtistofur	0,5	22.100

Ísat-númer	Heiti atvinnustarfsemi	Tíðni	Gjald kr.
24.52.0.1	Snyrtivöruframleiðsla, lítil	0,5	25.500
24.52.0.2	Snyrtivöruframleiðsla, stór	1	136.500
90.00.0.7	Sorpflutningar og sorphirða	1	57.800
93.04.0.8	Sólbaðstofur	1	44.200
40.10.0.1	Spennistöðvar	0,33	23.562
14.21.0.1	Steinmölun og framleiðsla á ofaníbúðir og fyllingarefnum	1	105.400
85.31.5.2	Stofnanir fyrir áfengissjúklinga	0,25	17.850
52.11.1.2	Stórmarkaðir > 400 m², án matvælavinnslu	2	185.600
52.11.1.1	Stórmarkaðir > 400 m², með matvælavinnslu	3	278.400
15.33.0.1	Sultu- og ávaxtagrautargerð	0,5	25.500
85.31.1.2	Sumarbúðir fyrir börn	0,5	43.000
92.61.0.1	Sundstaðir, litlir	1	114.200
92.61.0.2	Sundstaðir, miðlungs	2	193.400
92.61.0.3	Sundstaðir, stórir	3	342.600
15.84.0.1	Súkkulaði- og sælgætisgerð	1	75.300
52.11.3.1	Söluturn	0,5	22.100
52.11.3.2	Söluturn með óvarin matvæli	1	70.450
85.13.1.1	Tannlæknastofur	0,5	32.300
15.86.0.0	Te- og kaffiframleiðsla	1	37.400
55.22.0.1	Tjald- og gistivagnastæði, lítið	0,25	11.050
55.22.0.2	Tjald- og gistivagnastæði miðlungs	0,5	28.900
55.22.0.3	Tjald- og gistivagnastæði, stórt	1	57.800
80.42.2.0	Tónlistarskólar	0,25	11.050
20.30.9.2	Trésmíðaverkstæði	0,33	14.586
41.00.0.7	Vatnsveitur < 151 íbúa eða matvælaframleiðsla	1	61.700
41.00.0.8	Vatnsveitur 151-500 íbúa	1	54.900
41.00.0.6	Vatnsveitur 501-1.000 íbúa	1	107.400
41.00.0.5	Vatnsveitur 1.001-5.000 íbúa	4	441.200
41.00.0.4	Vatnsveitur 5.001-10.000 íbúa	5	919.000
41.00.0.9	Vatnsveitur til einkanota	0,5	39.600
26.82.9.1	Verkstæðisaðstaða verktaka	1	105.400
29.11.0.0	Vélsníða- og vélaviðgerðaverkstæði	0,5	18.700
50.20.0.9	Viðgerðaraðstaða eigin véla	0,5	15.300
25.21.0.2	Vinnsla með plast- og frauðefni	0,5	20.400
63.21.0.1	Vöruflutningamiðstöðvar	1	64.600
85.31.3.0	Þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara	0,5	22.100
93.01.0.0	Þvottahús og efnalaugar	0,33	14.586
80.42.9.0	Önnur fullorðinsfræðsla og ótalin fræðsla	0,25	11.050
52.27.0.0	Önnur smásala á matvöru, drykkjarvöru og tóbaki í sérvæslunum	0,5	32.300